



## Aðalfundur Félags íslenskra hljómlistarmanna 2024

### FUNDARGERÐ

**Dagsetning: 7. maí 2024 kl. 18:00**

**Fundarstaður: Salur FÍH, Rauðagerði 27, Reykjavík**

**Mættir: 25 félagsmenn (4 á fjarfundi)**

#### **Fundarboð**

Boðað var til aðalfundar með tölvupósti til félagsmanna 5. apríl en skv. lögum félagsins skal boða aðalfundinn með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Í fundarboði voru tilgreind eftirfarandi fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf / Lagabreytingar / Kosning til stjórnar: kosið er um formann, meðstjórnanda og einn í varastjórn / Önnur mál. Í fundarboði er bent á eftirfarandi úr lögum félagsins: Framboð til stjórnarsetu skulu berast skrifstofu FÍH a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund. Stjórn er heimilt að tilnefna félagsmenn í stjórnir og ráð, hafi ekki borist framboð fyrir tilskilinn tíma.

**Fyrir félagsmenn sem ekki áttu heimangengt var bein útsending af fundinum á netinu í gegnum fjarfundarbúnað. Slóðin var send til félagsmanna að morgni fundardags.**

#### **Fundarsetning**

Gunnar Hrafnsson formaður FÍH setti fundinn kl. 18:05, þann 92 í röðinni og bauð fundarmenn velkomna. Formaður lagði til fundarstjóra, Ásgeir H. Steingrímsson og fundarritara, Ólaf Jónsson og var það samþykkt einróma.

Gengið var til dagskrár.

Fundagerð síðasta aðalfundar samþykkt.

#### **Skýrsla stjórnar**

Formaður lagði fram skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2023 og gerði grein fyrir henni. Í upphafi máls síns minntist formaður látinna félaga sem féllu á starfsárinu:

Hjörtur Howser  
Garðar Cortes  
Sigurður Markússon  
Stefán Reynir Gíslason  
Reynir Sigurðsson  
Pórarinn Óskarsson  
Björgvin Gíslason  
Jörg Sondermann

Helstu mál.

Aldrei fleiri félagsmenn í FÍH, 893 talsins.

Málefni. Formaður leggur áherslu á að félagið hefur tekið slaginn í ýmsum málum á undanförunum misserum og hafa m.a. 3 dómsmál unnist. Þrátt fyrir umtalsverðan kostnað er mikilvægt að standa vörð um megin vinnuréttindi, ekki síst þegar málsstaðurinn er réttur.

Reynt er að bæta þjónustu félagsins og hlusta á þarfir félagsmanna.

Fræðsla. Samstarf FÍH skólans og Frost University í Miami. Reynt verður að koma á farvegi fyrir endurmenntun starfandi tónlistarfólks ásamt niðurgreiðslu skólagjalda fyrir nemendur TFÍH.

Staða samninga:

Samningamál hafa verið fyrirferðarmikil á árinu.

Kennarasamningar. Freistast var til að leita eftir samstarfi við FT, en eftir þónokkuð langan tíma var því slitið vegna ýmissa atriða. FT lagði m.a. mikla áherslu á vörpun í launatöflur KÍ sem leit vel út við fyrstu sýn m.a. til auka nýliðun sem í reynd kom niður á kjörum eldri kennara. Þar sem kennarastétt FÍH er að eldast þarf að standa vörð um réttindi þeirra eins og annara. Einnig var tilraun FT að gera lítið úr og taka niður menntun kennara úr kennaradeild FÍH miðað við kennaradeild Tónó ekki til að auka á samstarf.

Aðrir samningar.

Gerður var nýr samningur fyrir SÍ sem má vel við una.

BHM. Því miður stóðust samlegðaráhrif við aðildarfélög BHM ekki væntingar, ekki er raunverulegt að semja fyrr en meginlínur stóru félaganna hafa verið lagðar.

Vonast er eftir að BHM nýtist betur í framtíðinni.

Einstaklingsmál:

Hafa verið mörg og misjöfn.

SÍ og Roland Hartwell. Dómsál vannst Roland í hag og fékk hann 3 milljónir króna í bætur.

Málið snérist um að standa vörð um vinnuréttindi einstaklings og andmæla ómaklegri uppsögn.

Organistar:

Organistar á landsbyggðinni (fyrir norðan) hafa verið hlunnfarnir í mörg ár sérstaklega hefur verið níðst kerfisbundið á erlendum organistum. Enn og aftur þarf að standa vörð um réttindi launafólks.

SFH:

Mikið starf hefur unnist á árinu. Heimasíða SFH er í stöðugri þróun og stórbætt, hún heldur m.a. utan um réttindi einstaklinga og reiknar út spilun á opinberum stöðum. SFH tekur einnig við greiðslum frá IHM, þar sem mikið er tekist á af aðildarfélögunum um réttindi hvers fyrir sig, endalaust þrætuepli.

Tónlistamiðstöð:

Hún er orðin að veruleika og er fjármögnuð með 150 milljónum á ári, starfsemin fluttist í gamla Búnaðarbankahúsið og verða 10 manns þar að störfum í 8,5 stöðugildum. Tekur við Tónlistarsjóði, Útón, Inntón og Tónverkamiðstöð.

Tónlistarskólarnir:

TFÍH og fleiri skólar glíma við margvíslegan vanda vegna aðgerða Reykjavíkurborgar. Rvk greiðir m.a. ekki til baka útlagðan kostnað vegna veikindaleyfis kennara. Einnig eru aldurstakmörk nemenda mjög íþyngjandi. Góð aðsókn er í TFÍH en aðgerðir Rvk gerir skólanum erfitt um vik.

DSM tilskipunin:

Tilskipuninni er ætlað að samræma ýmsar reglur um höfundarétt og skyld réttindi sem varða hinn stafræna innri markað og notkun verndaðra verka yfir landamæri. Mikil barátta framundan vegna tekjumissis flytjenda, barátta fyrir sanngjörnu og hlutfallslega viðeigandi endurgjaldi.

Umræða um skýrslu stjórnar:

Pórunn spurði um samninga stundakennara við LHÍ.

GH segir erfitt um vik vegna jafnræðisreglu. Hefur verið í samtali við Fræðagarð og Visku.

Það er ekki kjarasamningur á milli FÍH og LHÍ þar sem LHÍ vill ekki semja.

Tími á verkfall?

Ítrekaðar eru áhyggjur af niðurskurði á fjármögnun tónlistarkennslu, sömu sögu er að segja af annari og list- og sköpunarkennslu.

**Skýrsla stjórnar samþykkt.**

**Ársreikningur FÍH 2023**

Reikningar félagsins voru lagðir fyrir og fór Lúðvík yfir ársreikning FÍH 2023 lið fyrir lið (varpað á skjá). Ársreikning má sjá á skrifstofu FÍH.

Ársreikningur 2023 er svipaður og 2022.

Ársreikningur samþykktur einróma.

**Gert var kaffihlé á fundinum kl. 18:45**

**Fundi framhaldið kl. 19:10**

**Nýr samningur við RÚV kynntur:**

FÍH fór í hart við RÚV 2018 þar sem FÍH var efnislega sagt að éta skít. Samningar RÚV og FÍH ætti ekki við þegar um væri að ræða þriðja aðila að áliti RÚV. Eftir dómsmál var því hnekkt og niðurstaðan tvíþekkt:

1. RÚV skuldbundið að greiða eftir töxtum.
2. Áhersla á tónlistarfluting og dagskrágerð aukin.

RÚV var hótad lögsókn 4 ár aftir í tímann ef ekki yrði sest við samningaborðið.

Einnig var bent á að umhverfi fyrir útgáfu og spilun er ekki gott. Á Spotify er einungis hér á landi leikin 10% íslensk tónlist en til samanburðar er í Danmörku hlutfallið 40% dönsk tónlist. Vantar einnig almennilega þáttagerð.

Sett var á laggirnar nefnd Rásar 1 og 2 sem m.a. snýr að dagskrágerð og var samið plagg um tónlistarstefnu RÚV, dagskrárgerðafólk tók þátt. Stefna Rásar 1 og 2. Verður hlutur flytjenda að vera virkur og samningar gerðir við þriðja aðila.

GH telur að samningurinn sé góður þó að neikvætt sé að launatölurnar séu ekki háar, aðalatriðið að gerður sé samningur sem virkar og að farið sé eftir og að RÚV efli tónlistarflutning.

Áshildur bendir á að við séum fagfélag og upphæðirnar of lágar, Þórunn sammála en fagnar stefnubreytingu RÚV.

Bent er á að að RÚV fær 6 milljarða á ári og erfitt að sjá afhverju þau geti ekki staðið betur við tónlistarflutning?

Jóhann telur að RÚV hafi þurrkað út tækifærin til að koma fram á miðlunum og betra sé að fá eitthvað en ekkert. Mjög misjöfn sé staða lausráðins og fastráðins tónlistarfólks.

Gunnar greinir frá áhyggjum formanns BÍL um aðkomu RÚV gagnvart listafólki.

Spurt er um lögbundið hlutverk RÚV? Er hægt að beita þögn?

Hefur verið rætt eða samið við aðra miðla, Vodafone/Stöð 2 eða Símann? Gunnar segir að svo sé ekki.

Vakin er athygli á að RÚV hafi árlega 2-3 milljarða í auglýsingatekjur en á móti kemur að lífeyriskuldbindingar séu svipaðar, 2-3 milljarðar.

Andri Ólafs spyr hvort að áætlað sé árlegt samtal um endurskoðun samningsins? Er samþykktur honum. Róbert telur að RÚV vilji gera þennan samning af heilum hug þar sem gamli samningurinn hafi verið of flókinn. Telur að þetta sé viðleitni til enda tortryggni.

Gunnar les uppúr samningnum.

Andri spur hvort að nýtt efni/upptökur verði greitt út. Gunnar svarar því til svo verði ef samningurinn verður samþykktur en að þras hafi staðið yfir í mörg ár á milli hagsmunaaðila um greiðslur úr Gullkistunni. Risahagsmunir tónlistarfólks.

Vignir spyr um um fyrirkomulag um að rukka eftir nýja samningnum. Gunnar svarar til að félagið verði að vera látið vita ef ekki er staðið við samninginn.

Áshildur spyr um samtalið á milli RÚV og FÍH (fagfélagsins) ef ekki er staðið við samninginn? Gunnar svarar til að þá verði samningnum sagt upp og bendir á að meira framboð sé en eftirspurn. RÚV hefur m.a. haldið að sér höndunum í langan tíma.

Spurt er hvort að FÍH geti leitað til ráðamanna um að stofnuð sé sértök tónlistarútvarpsstöð í staðinn fyrir RÚV?

Guðrún á Zoom. Hefði viljað sjá hærri upphæðir frá RÚV fyrir klassíska tónlist, telur þó samninginn betri en ekkert.

Gunnar hvetur félagsmenn til að greiða honum atkvæði.

**Kosningar:**

Gréta Salóme hættir í aðalstjórn og María Magnúsdóttir í varastjórn. Margrét Eir býður sig fram í aðalstjórn (var í varastjórn).

Inn í varastjórn eru kosnir Jogvan Hansen og Elvar Bragi Kristjánsson.

Stjórnin var sjálfkjörin.

Gunnar bendir á að Jogvan hafi vakið athygli á að miðasölufyrirtækin taka 9-10% í miðasölugjald (enn ein blóðsugan). Í framhaldi hefur Kristinn Evertsson hannað nýtt miðasölukerfi sem tæki einungis 1-2 % miðasölugjald ásamt því að notendur geti einnig séð og haft umsjón með eigin miðasölusögu.

Einnig er hugmynd að koma á rafrænum félagsskírteinum sem byðu upp á afslætti og tilboð.

**Önnur mál:**

Engin

Gunnar þakkar Ásgeiri góða fundarstjórn.

**Fundi slitið** kl. 19:54

Fundaritari: Ólafur Jónsson